



Aðbúnaður í Reykjavík Akadémíunni

Reglur samþykktar á fundi stjórnar Reykjavík Akadémíunnar 18 október 2023

Markmiðið með þessum reglum er að tryggja að Reykjavík Akadémían

- bjóði upp á fjölbreytt, aðlaðandi og snyrtileg vinnurými sem höfða til fræðafólks óháð aldri og eðli og umfangi verkefnanna sem það vinnur að
- styðji við starfsfólk sitt með skýrum leikreglum sem stuðla að jafnræði milli leigutaka bæði innan og á milli skrifstofa
- dragi úr kostnaði og vinnu starfsfólks vegna flutninga á búnaði milli rýma og á Sorpu

Almenn viðmið á skrifstofum – vinnurými.

Skipulag í öllum skrifstofum verður fest niður og teiknað upp á grunnteikningu eigi síðar en um næstu áramót.

Þörf er á að skrifstofum sé skipt jafnt á milli vinnurýma. Ennfremur að aðgengi sé að opnanlegum fögum og gluggatjöldum og að inngangur sé rúmur. Ekki er leyfilegt að nota vinnurými sem ekki eru í útleigu.

Tvær skrifstofur eru sérstaklega hugsaðar fyrir ungt fræðafólk. Borðin eru minni og leigan þar með lægri en veittur er 30% afsláttur til meistara- og doktorsnema og nýdoktora. Þar getur yngra fræðafólk leigt vinnuaðstöðu en ekki þau sem eldri eru og ráðsettari. Öll vinnurými í skrifstofunum eru leigð út með húsgögnum. Ekki er heimilt að koma með eigin húsgögn nema skrifborðsstóla.

Tvær einkaskrifstofur eiga að vera í boði til að mæta eftirspurn. Einnig til þess að skapa sveigjanleika til dæmis til að hýsa rannsóknarverkefni, hlaðvarpsstúdíó, skrifstofu fyrir starfsmenn eða verkefnaráðna. Enginn búnaður er í einka-skrifstofunum en skilyrði er um snyrtimennsku þar eins og í öðrum skrifstofum.

Ekki eru rými með deilaborðum. Skapist eftirspurn eftir slíkum borðum verður það mál skoðað.

Búnaður í einkaeigu er ekki tryggður hjá Reykjavík Akadémíunni.

Starfsfólk skrifstofu hefur sveigjanleika til að nýta skrifstofurnar í samráði við stjórn.

Réttindi og skyldur leigutaka

Sett eru skilyrði um snyrtimennsku í öllum skrifstofum og að leigutakar sameinist um að þrifa allt rýmið reglulega.

Heimilt er tveimur fræðimönnum að leigja saman eitt borð enda eru báðir aðilar í FRA og greiða þjónustugjald. Skrifstofan gefur út reikning á hvorn aðila fyrir sig. Ef annar aðilinn hættir, þá getur sá sem eftir er annað hvort fundið sér nýjan borðfélag eða leigt allt borðið. Í lengri eða styttri fríum getur leigutaki framleigt vinnurými í samráði við starfsfólk skrifstofu. Leigutaki greiðir leiguna og sér sjálfur um að rukka þann sem leigir borðið og ber á honum fulla ábyrgð. Leigutaka er ekki heimilt að



rukka hærrí leigu en hann greiðir til ReykjavíkúAkademíunnar. Hinn tímabundni leigjandi þarf að uppfylla skilyrði ReykjavíkúAkademíunnar um hæfni og virkni og að vera félagi í Félagi ReykjavíkúAkademíunnar, FRA.

Uppsagnafrestur er 2 mánuðir og er miðað við mánaðarmót. Starfsfólki skrifstofu er ekki heimilt að gefa eftir þennan frest nema í undantekningartilfellum og með samþykki stjórnarformanns.

Þegar leigutaki hættir hjá ReykjavíkúAkademíunni ber honum að þrifa vel vinnu-rýmið, hillur, skúffur og aðra fleti. Einnig gólf og veggi. Þá ber viðkomandi að taka allan búnað í sinni eigu.

Almenna reglan er sú að vinnuaðstaða er ekki leigð þeim sem starfa í óskyldum rekstri. Það má þó gera í algjörum undantekningartilfellum og eingöngu með leyfi stjórnar.

Gjalddagi reikninga er fyrsta hvers mánaðar og eindagi tíu dögum síðar.

Rými sem búið er að skilgreina

Herbergi #1 – fyrir ungt fræðafólk

6 borð. Áform um að leigja Háskóla Íslands fyrir doktorsnema en að öðrum kosti yngra fræðafólki. Búnaður: skjáir, stólar, ljós og læstir skápar.

Herbergi #9 - fyrir tvo fræðimenn

Skipulagið fest niður. 2 borð.

Búnaður: 2-3 bókahillur, lítill sófi eða þægilegur stóll. Standard skrifborðsstólar, ljós og góð vifta. Korktöflur.

Herbergi #10 – fyrir tvo fræðimenn

Herbergið verður búið á sama hátt og herbergi 9 þegar nýir leigjendur koma eða ef núverandi leigjendur óska eftir breytingu.

Herbergi #12 – fyrir ungt fræðafólk

5 borð fyrir meistara- og doktorsnema og nýdoktora ReykjavíkúAkademíunnar.

Föst borð, ekki deiliborð. 30% afsláttur af leiguverði fyrir markhóp en ekki til annarra.

Búnaður: skrifborð, stólar og ljós. Ólæstir skápar. Lítill sófi eða stólar.

Herbergi #16 - Einkaskrifstofa

Herbergi #17 - Einkaskrifstofa